



Reykjavík, 22. apríl 2026  
USK23080106

Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

### ***Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks um aukinn kraft í sorphirðu Reykjavíkur***

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23.08.23 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 16.08.23.

*Lagt er til að nú þegar verði brugðist við því ófremdarástandi, sem ríkir í sorphirðu í Reykjavík. Stóraulinn kraftur verði settur í hirðu heimilissorps þar til tekist hefur að vinna upp hinar miklu tafir, sem orðið hafa við hana á undanförunum mánuðum. Tímabundið verði leitað til verktaka eða jafnvel nágrannasveitarfélaga um aðstoð í þessu skyni á meðan tiltækur tækjabúnaður og mannaflí Reykjavíkurborgar dugir ekki til eins og komið hefur fram.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn:

Nokkuð var um tafir á sorphirðu á árinu 2023 sem rekja mátti til seinkunar á afendingu nýrra sorphirðubíla sem þurft var á til að bregðast við auknum kröfum um sérsöfnun úrgangs við húsvegg í kjölfar breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Þegar upp koma tafir sem þessar þá er það ætíð mat stjórnenda á umfangi og tímalengd tafa sem ræður því hvort gripið sé til þess úrræðis að kalla til verktaka til að tryggja samfellu í þjónustu. Í þessu tilfelli var tímabundið keypt þjónusta verktaka. Með afhendingu nýrra bíla leystist úr þessu og hafa engar tafir verið á sorphirðu í Reykjavík nema að óverulegu leiti vegna veðurs.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Guðmundur B. Friðriksson  
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða